

Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ skólaárið 2018-2019

LOKASKÝRSLA VERKEFNISINS: FRÁ RUSLI AÐ VÖRU -
NEYTENDA- OG UMHVERFISVITUND

Þróunarverkefni unnið í:

Garðaskóli

Tengiliður vegna verkefnis:

Hildur Rudolfsdóttir, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingtækni,

hildurr@gardaskoli.is

Verkefnið í hnotskurn

Verkefnið fól í sér sérfræðiaðstoð við byggingu tveggja véla sumar 2018 sem staðsettar eru í smíðastofu Garðaskóla. Önnur vélin hakkar niður plast (e. shredder) og hin er vinnsluvél (e. extruder) sem býr til plastafurð, sem svo hægt er að vinna nánar með í skólanum. Verkefnið var unnið að fyrirmynd [Precious Plastic](#) samtakanna.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins var að ýta undir neytenda- og umhverfisvitund nemenda og starfsmanna í Garðaskóla með því að kynna fyrir þeim það ferli og möguleika sem endurvinnsla plasts felur í sér.

Framkvæmd verkefnisins

Björn Steinar Blumestein vöruhönnuður og starfsmaður Precious Plastic tók að sér að byggja og kenna afmörkuðum hópi starfsmanna og kennara á vélarnar í byrjun skólaársins 2018-2019. Leitast var eftir samstarfi við smíðakennara með kynningu á vélunum fyrir hóp 8. bekklinga í gegnum smíði og 9. og 10. bekk í valfaginu Smíði og hönnun. Hópastarf nemenda á Gagn og gaman dögum Garðaskóla í nóvember 2018 var sett á laggirnar en því miður náðist ekki að manna það verkefni af hálfu Precious Plastic og því féll það niður.



Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Ætlunin var að kynna vélarnar og möguleika þeirra mun betur fyrir nemendum Garðaskóla í gegnum hópastarf á Gagn og gaman þemadögum í nóvember. Ekki varð af því vegna skorts á starfskrafti með góða reynslu af vélunum. Í kjölfarið varð lítið um vinnu nemenda með vélarnar í hefðbundnum faggreinatímum í list- og verkgreinum en þar koma einnig inn í framkvæmdir í smíðastofu og skortur á aðgangi að sértæku rafmagni fyrir aðra vélina í rýminu. Í staðinn er nú hafinn undirbúningur að kynningu á flokkun plasts og notkun vélanna í öllum umsjónarþekkjum í ágúst og september 2019.

Mat á verkefninu og ávinningur fyrir skólastarf

Í samræmi við stefnu Garðabæjar í umhverfismálum var ákveðið að keyra annað námskeið um flokkun og endurvinnslu plasts í júní 2019.

Þá komu tveir starfsmenn frá [PlastPlan](#) (áður þekkt sem Precious Plastic) og fóru betur yfir verkferla og möguleika með skólastjóra, kennsluráðgjafa, umsjónarmanni fasteigna og skólaliðum. Sambærilegt námskeið verður svo haldið fyrir aðra starfsmenn í ágúst 2019, auk fræðslu fyrir alla nemendur í byrjun skólaárs.

Í samræmi við umhverfisstefnu Garðabæjar mun skólinn setja sér skýrari verkferla fyrir skólaárið 2019-2020 um flokkun plasts, með það að leiðarljósi að endurvinnna það sem hægt er í daglegu sorpi nemenda og starfsmanna. Það sem gengur af mun áfram vera sent í endurvinnslu til orkubrennslu. Einnig er stefnt á hugmyndavinnu með

nemendum um mótagerð fyrir fjöldaframleiðslu úr plasti með það að leiðarljósi að takmarka kaup á hlutum sem hægt er að búa til úr endurunnu efni sem safnast upp innan skólans.

24. júní 2019 Hildur Rudolfsdóttir

Aðgerðaráætlun þróunarverkefnis

Frá rusli að vöru: Neytenda- og umhverfisvitund skólaárið 2018-2019

Verkefni	Frá rusli að vöru: Neytenda- og umhverfisvitund	Lýsing: Markmið verkefnisins var að ýta undir neytenda- og umhverfisvitund nemenda og starfsmanna í Garðaskóla með því að kynna fyrir þeim það ferli sem endurvinnsla plasts felur í sér.
Stjórnandi	Hildur Rudolfsdóttir, kennsluráðgjafi Björn Steinar Blumenstein, vöruhönnuður	
Uppfært	24. júní 2019	

VERKÞÁTTUR	UPPHAF	LOK	ÁBYRGÐAR- AÐILI	ÁÆTLUÐ ÚTKOMA	KOSTNAÐUR	EFTIRFYLGNI	STAÐA MÁLS	ATHUGA
Skipulag og undirbúningur	15.8.2018	5.9.2018	HR	Verkstjórn	12 X 12.000 = 144.000	HR		0 KR.
Bygging véla, 8 daga vinna	15.8.2018	31.10.2018	BSB	Tvær endurvinnsluvélar	64x12.000 = 768.000	HR		FENGUM 750.000 KR.
Undirbúningur og umsjón með nemendaverkefni á Gagn og gaman dögum Garðaskóla í nóvember 2018.	1.11.2017	15.11.2018	BSB	Verkefnalýsingar og afrakstur verkefnisins aðgengilegt á vefsíðu.	Innfalið í rekstri skóla	HR		EKKI NÁÐIST AÐ HALDA ÚTI HÓPAVINNU MEÐ NEMENDUM NEMA AÐ TAKMÖRKUÐU LEYTI SMÍÐI Í 8. BEKK. FRÆÐSLA OG VINNA MEÐ ÖLLUM ÁRGÖNGUM SETT INN Á SKIPULAG SKÓLANS Í BYRJUN SKÓLAÁRS 2019-2020